

Leiðbeiningar fyrir viðskipti á netinu og símgreiðslur

Með viðskiptum á netinu er auðveldara að villa á sér heimildir með stolnum kortum en í hefðbundnum viðskiptum. Sama á við um símgreiðslur. Gott er að hafa eftirfarandi punkta til hliðsjónar:

Heimild veitt

Veitt heimild er aðeins staðfesting á því að kortið er opið og að innistæða sé fyrir upphæð. Það er ekki staðfesting á því að eigandi korts sé að framkvæma kaupin. Korthafi getur átt rétt á að endurkrefja fyrirtæki um fjárhæð færslu ef hann telur sig ekki hafa heimilað hana. Þess vegna er nauðsynlegt að vera á varðbergi eins og við bendum á hér fyrir neðan.

Sannreyndu viðskiptavin áður en vara er send

- Nafn, heimilisfang og land
- Símanúmer og netfang (ókeypis netföng geta verið varasöm)
- Athuga hvort kortið er gefið út í sama landi og afhendingarstaður
- Hafðu samand við viðskiptavininn eða Borgun ef þú ert í vafa um pöntunina

Sannreyndu viðskiptavin ef hann sækir vöru/þjónustu sem pöntuð var á netinu

- Skoðaðu skilríki kaupanda
- Láttu kaupanda framvísa kortinu sem notað var við kaupin á netinu
- Athugaðu hvort skilríki og greiðslukort séu á sama aðila

Vertu sérstaklega á varðbergi

- Ef verslað er fyrir óvenju háa upphæð
- Ef pöntunin er óvenju stór
- Ef viðskiptavinur pantar sömu vöru aftur og aftur
- Ef viðskiptavinur notar mismunandi kort
- Ef viðskiptavinur óskar eftir hraðafhendingu
- Ef viðskiptavinur gerir margar tilraunir áður en greiðsla gengur í gegn
- Ef afhendingarstaður er hótél eða „berist til“ skaltu óska eftir frekari upplýsingum
- Ef pöntun kemur erlendis frá.

Aukið öryggi með Mastercard SecureCode og Verified by Visa

- Mastercard og Visa bjóða upp á sérstakar öryggislausnir varðandi vefgreiðslur, 3D Secure. Í stuttu máli virkar þetta þannig að korthafi fær einskis kóða sendan með sms í símann sinn og hann slær inn í greiðsluferlinu, ekki ósvipað og pin í posa.
- Fyrirtæki sem velja að vera 3D Secure geta dregið verulega úr þeirri áhættu að stolin kort eða stolnar kortaupplýsingar séu notaðar hjá fyrirtækinu.
- Borgun mælir sérstaklega með því að fyrirtæki sem stunda viðskipti á netinu noti 3D Secure.
- **Þjónustan er gjaldfrjáls** og engin viðbótar vinna er af hendi fyrirtækja sem notast við **Greiðslusíðu**.
- Fyrirtæki með **Greiðslugátt** og RPG þurfa að forrita sig á móti en þjónustan sjálf er eftir sem áður gjaldfrjáls

Ef þú óskar eftir frekari upplýsingum þá endilega hafðu samband við okkur í síma 560 1600 eða með því að senda póst á borgun@borgun.is